

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 18. nóvember 2021
UST202108-053/S.S.
08.08.01

Efni: Yfirfærsla starfsleyfis – Arnarlax ehf.

Vísað er til umsóknar FISK Seafood ehf. kt. 461289-1269 og Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, dagsett 17. ágúst 2021, sem barst stofnuninni þann 15. október sl., þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi til reksturs fiskeldisstöðvar að Laxabraut 5, Þorlákshöfn, útgefið þann 14. maí 2014, af rekstraraðila FISK Seafood ehf., yfir á nýjan rekstraraðila Arnarlax ehf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um yfirfærslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færast með þessu til Arnarlax ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 31. desember 2029.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Arnarlax ehf, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur